



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

Keflavík 19. janúar 1987.

117. fundur

skólanefndar FS var haldinn 29. desember 1986.

Mættir voru: Guðmundur Björnsson, formaður, Bogi Hallgrímsson, Ingimundur Þ. Guðnason, Guðjón Kristjánsson, Hilmar Þ. Hilmarsson, Eggert Ólafsson, Jón Gunnarsson, Hjálmar Arnason, skólameistari, Ingólfur Halldórsson, aðstoðarskólameistari, Helgi Eiríksson, fulltrúi kennara og Sturlaugur Ólafsson úr bygginganefnd skólans.

Þetta gerðist:

Fundarmenn hittust á kennarastofu kl. 9 að morgni en lögðu síðan af stað með rútu austur fyrir fjall í boði skólanefndar og skólameistara Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi. Skoðað var hið nýja bóknámshús skólans, snæddur hádegisverður í boði heimamanna, skoðuð verknámsaðstaða og skipst á upplýsingum við heimamenn. Góður rómur var gerður að heimsókn þessari. Komið var aftur laust fyrir kl. 16.

Hjálmar Arnason, skráði.